

Nr. 22.  
7.  
desbr.

## Konungleg auglýsing

um

að konungur sje kominn heim aptur.

**Vjer Christian hinn Niundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gaulta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Lænborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Eptir að Vjer erum aptur heim komnir úr ferð Vorri til útlanda, kunngjörum Vjer hjermeð Vorum kæru og trúu þegnum, að Vjer höfum Sjálfir í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vjer með Vorri konunglegu auglýsingu 15. oktbr. þ. á. samkvæmt 1. grein í lögum 11. febr. 1871, höfðum falið á hendur í fjærvist Vorri syni Vorum elskulegum, hans konunglegu tign, krónprinzi Christian Frederik Vilhelm Carl.

*Gefið á Amalíuhöll, 7. desbr. 1889.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

*Christian R.*

(L. S.)

---

*J. B. S. Estrup.*

**Allerhøieste Kundgjørelse**Nr. 22.  
7de  
Decbr.

angaaende

Kongens Hjemkomst.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark,  
de Benders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn,  
Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenburg,

Gjøre vitterligt: Efter at være vendt tilbage fra Vor Reise til Udlandet kundgjøre Vi herved for Vore kjære og tro Undersaatter, at Vi idag Selv have overtaget Regjeringens Førelse, som Vi ved Vor Allerhøieste Kundgjørelse af 15de Oktbr. d. A. i Henhold til § 1 i Loven af 11te Februar 1871 under Vor Fraværelse havde overdraget til Vor højtelskede Son, Hans Kongelige Højhed Kronprinds Christian Frederik Vilhelm Carl.

Givet paa Amalienborg, den 7de December 1889.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

**Christian R.**

(L. S.)

---

**J. B. S. Estrup.**

Nr. 15.  
4.  
septbr.

## Auglýsing

um

að auglýsing frá stjórnarráði Íslands 28. júlí 1886 skuli úr gildi felld.

Hjermeð skulu felld úr gildi ákvæðin í auglýsing frá stjórnarráði Íslands 28. júlí 1886 um að fyrirmælum laga 17. des. 1875 um mótvörnir gegn því, að bólusótt og hin austurlenzka kólerusótt flytjist til Íslands, skuli fylgt að því er snertir skip, er til Íslands koma frá höfnum í Austurríki og Ungarn. Ennfremur fellur úr gildi bannið samkvæmt lögum 24. okt. 1879, 3. gr. í nefndri auglýsing gegn því að flytja með þessum skipum til Íslands brúkað lín, föt og sængurfatnað, nema þessir munir sjeu ferðafatnaður, dulur, brúkað vatt, hnökraull, afklippur af pappír, hár og húðir.

Ákvæðum laga 17. des. 1875 verður hjereptir beitt að því er þessa staði snertir:

Marseille,

hafnir á Sikiley og

allar Egiptalands hafnir.

Fyrir alla þessa staði, að undan skildum Egiptalands höfnum, gildir og innflutningsbann samkvæmt lögum 24. okt. 1879, 3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta kunngjörst til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í stjórnarráði Íslands, 4. september 1889.*

*J. Nellemann.*

*Ólafur Halldórsson.*